

## Fundargerð

Þriðjudaginn 22. júní 2021 kl. 10:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fundar í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi, Jóhannes Á. Jóhannesson áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar

Fundargerð fundar nr. 377 samþykkt.

### 2. Framlög vegna tekjufalls

Lögð voru fram drög að reglum vegna tekjufalls sveitarfélaga sem unnið var í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu. Í lok árs 2020 veitti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga 500 m.kr. framlag til sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins. Úthlutunin var á grundvelli aðferðafræða og forsenda sem EFS lagði til.

Samkvæmt drögum er lagt til að veita sambærileg framlög fyrir árið 2021 en þó með aðeins breyttri aðferðafræði. Samkvæmt gögnum um útsvarstekjur sveitarfélaga eru tekjurnar hærri á fyrstu fjórum mánuð ársins m.v sama tímabil í fyrra hjá langflestum sveitarfélögum. Rætt var um að biða og sjá hvernig þróunin verður á næstu mánuðum.

### 3. Skaftárhreppur – framlag vegna fjárhagserfiðleika

Á fundi nefndarinnar þann 9. Júní sl. var tekið fyrir erindi frá Skaftárhreppi þar sem óskað er eftir framlagi vegna fjárhagserfiðleika frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ákveðið var þá að óska eftir frekari skýringum á nokkrum atriðum. Svör hafa borist frá Skaftárhreppi vegna þessa og voru þau lögð fram á fundinum.

Ákveðið var að nefndin mun mæla með því að Skaftárhreppur fá framlag vegna fjárhagserfiðleika sem getur numið allt að 30 m.kr. Jafnframt mælist nefndin með því að gert verði samkomulag milli Skaftárhrepps og ráðuneytisins um fjárhagslegar aðgerðir.

### 4. Önnur mál

Engin önnur mál